

Lokanir í miðbæ v/17. júní

Hér er yfirlitskort yfir lokanir gatna í Hafnarfirði vegna þjóðhátíðarhalds í miðbæ. Markmið okkar er að tryggja öryggi þeirra sem eru gangandi. Við munum hafa starfsmann á gangbrautum gangbraut yfir Reykjavíkurveg milli Bókasafns og Gamla vínhusins og gangbraut á mótum Strandgötu og Lækjargötu eða milli Hafnarfjarðarkirkju og bakarís sem mun aðstoða gangandi vegfarendur þar yfir. Jafnframt teljum við með þessu að íbúar á lokuðu svæðunum eigi alltaf kost á að leggja nálægt heimilum sínum. Við munum senda dreifibréf til viðkomandi íbúa með nánari kynningu auk þess fjallað verður um lokanir í dagsskrárriti okkar.

Lokanir eru allar mannaðar starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar utan þeirrar við Mjósund/Austurgötu því er auðvelt að opna og hleypa í gegn lögreglu, sjúkrabílum eða slökkvibílum.

Lokanir verða frá 12:30/13:00 en við munum draga þessar lokanir saman og færa nær miðbænum upp úr kl. 16:30.

Ekki verður kvölddagskrá.


Íbúar Austurgötu ákveða sjálfir hvenær þeir loka götu sinni en það er áætlað milli 12:00 og 18:00 og við höfum lokað götunni frá kirkju að Læknum. Óskað er eftir að heimild verði fengin fyrir þeirra hönd að loka götunni.



Lokanir gatna vegna skruðgöngu

Skrúðganga fer stundvíslega af stað kl 13:30. Óskað verður eftir því að lögregla leiði hana.

Hver einasta lokun vegna skruðgöngu á gatnamótum verða framkvæmdar af okkar hálfu. Starfsmenn verða á lokunum og opna götur um leið og skruðganga fer hjá.




Búast má við 1200-2000 manns í skruðgönguna og það er vilji okkar að hún sé frekar breið og stutt þannig að sem flestir heyrri í lúðrasveitinni. .

Dagskrá verður fyrst og fremst kynnt á heimasíðu bæjarins. Við munum hinsvegar láta íbúa á Hringbraut, Lækjargötu og Öldugötu þar sem lokað verður tímabundið vegna skruðgöngu ca í 20 mín, fá sérstakan dreifimiða þar sem tímasetning lokunnar 13:30-13:45 er kynnt. Um leið og skruðganga fer hjá skal opna götur og fjarlægja lokanir.

Eftirfarandi kort á að sýna lokanir okkar vegna skruðgöngu leið hennar í miðbæ:

Nú í ár er óskað eftir því að mega tyrfa tímabundið á blett sem í dag er bílastæði gegnt bókabúð Eymundsson sjá mynd.




Starfsmenn þjónustuvers sjá um framkvæmdir og ætla má að þessi aðgerð loki bílastæðum þarna frá og með 16. júní til 20. júní

Lokanir bílastæðis og stöðuleyfi

Söluhús verða staðsett á bílastæði við Venusarhús á Strandgötu auk þess sem tvö hús verða á göngustíg við Íslandsbanka sjá mynd. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar munu flytja þau þangað þann 15. júní og

loka þeim bílastæðum, fáist leyfi til þess.



Ekki er ljóst hvort að við þurfum stöðuleyfi fyrir þessi hús í svo stuttan tíma en sé þess þörf er óskað eftir því.

Geir Bjarnason